



Félag háskólakennara

6. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2022/2023 haldinn mánudaginn 7. desember í Bændahöllinni kl. 11:45

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Berglind Eva Benediksdóttir, Ármann Höskuldsson, Íris Davíðsdóttir, Jóna Margrét Ólafsdóttir og Pontus Erik Gunnar Jarvstad. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 2. nóvember 2022.
2. Skipun í Siðanefnd HÍ sbr. tölvupóst dags. 29. nóv. Skipunartími er til þriggja ára frá janúar 2023 til 31. desember 2025. Frestur til 13. desember nk.
3. Ferð til London, vegna endurskoðunar starfsmatskerfisins SKREF
4. Kjaramál:
 - i. Umræðurfundir með félagsmönnum um kjaramál 17. - 18. nóvember.
 - ii. Fundur með FPR og HAK, dags. 24. nóvember.
 - iii. Fundur akademískra stjórnarmanna með GRJ, dags. 16. nóvember.
 - iv. Launatölur, sjá meðfylgjandi.
 - v. Framhald kröfugerðar.
 - vi. Undanþágulistar, erindi frá HÍ, meðfylgjandi.
 - vii. Staða kjaramála hjá BHM.
5. Drög að síðareglum BHM, meðfylgjandi.
6. Sjónarmið hagsmunaaðila við undirbúning endurskoðunar laga nr. 60/2020, um Menntasjóð námsmanna.
7. Fréttir frá BHM.
8. Fréttir af nefnd um samræmda kennslu.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 2. nóvember 2022

Fundargerðin var samþykkt.

2. Skipun í Siðanefnd HÍ

Ákveðið var að félagið reyni að skipa fulltrúa sinn með faglega menntun á þessu sviði. Málinu frestað til næsta fundar.

3. Ferð fulltrúa stjórnar Fh til London vegna endurskoðunar starfsmatskerfisins SKREFs

Baldvin rakti málið. Fulltrúar HÍ hafa hug á því að skoða starfsmatskerfi fyrir starfsmenn stjórnarsýslu sem notast hefur verið við í háskólum á Bretlandi. Breskir aðilar hafa boðist til að kynna kerfið fyrir fulltrúum HÍ á fundi í London um miðjan janúar. Þá hefur fulltrúum Félags háskólakennara einnig verið boðið á kynningarfundinn. Málið rætt og ákveðið að Baldvin Zarioh og Íris Davíðsdóttir fari í ferðina fyrir hönd félagsins.

4. Kjaramál

- i. Umræðurfundir með félagsmönnum sem haldnir voru á Teams dagana 17. – 18. nóvember sl. tókust vel. Þátttaka félagsmanna hefði mátt vera meiri en góðar umræður sköpuðust á fundunum, sem nýtast vel í komandi kjaraviðræðum.
- ii. Baldvin sagði frá sameiginlegum fundi Fh, FPR og FHA þann 24. nóvember sl. Fundurinn var óformlegur þar sem ætlunin var að félögin ræddu sameiginleg mál og komandi kjaraviðræður. Fram kom m.a. mikill vilji til þess að háskóla-félögin (Fh, FPR, FHA og HR) innan BHM taki

- höndum saman og ávarpi sín sameiginlegu mál og málefni á formannaráðsfundum BHM. Þá var einnig rætt um mismunandi kjaratengd málefni milli félaganna.
- iii. Baldvin sagði frá fundi akademískra stjórnarmanna með GRJ þann 16. nóvember sl. Fundurinn var haldinn af frumkvæði akademískra stjórnarmanna til að kynna HÍ hugmyndir þeirra og kröfur í komandi kjaraviðræðum. Fundurinn var opinskár en engar ákvarðanir teknar að öðru leyti en að HÍ lýsti samstarfsvilja í komandi kjaraviðræðum við fjármálaráðuneytið, með félaginu.

Málið rætt í stjórn. Menn sammála um að miðað við hvernig kjaraviðræður á almennum markaði hafa þróast undanfarna daga megi búast við því að gerður verður skammtímasamningur á opinbera markaðinum líka. Því er ekki tilefni til þess að ræða hugmyndir HÍ um samspil vinnumatssjóðs og kjara að svo stöddu, heldur að setja fókusinn á launahækkanir almennt.

- Þá var viðruð sú hugmynd hvort hægt væri að eyrnamerkja fjármagni sem nemur t.d. 1 – 2 doktorsnemastyrk úr sjóðum HÍ vegna doktorsnema (Eimskipasjóður), sem hægt væri að nýta fyrir nýja akademíska starfsmenn til að auðvelda þeim að fóta sig í starfi við HÍ. Hægt væri að gera bókun þess efnis í stofnanasamningi félagsins og HÍ.
- iv. Farið var yfir fyrirleggjandi launatölur frá október 2022 og samanburð við ýmsar stéttar.
- vi. Baldvin sagði frá ósk HÍ um útvíkkun undanþágulista ef til verkfalls kemur og svari félagsins við þeirri beiðni.
- vii. Málið rætt sjá lið iii og iv.

5. Drög að siðareglum BHM

Baldvin sagði frá drögum að siðareglum sem unnið hefur verið að innan BHM og vakti athygli á því að félögin geti komið með athugasemdir fyrir 5. janúar nk.

6. Sjóarmið hagsmunaaðila við undirbúning endurskoðunar laga um Menntasjóð

Málið rætt og ákveðið var að fá sjóarmið FEDON á málinu. Ponturs tók að sér að fá afstöðu þeirra til málsins.

7. Fréttir frá BHM

Fjárhagsáætlun liggur fyrir og verður tekin fyrir á næsta formannaráðsfundi.

8. Fréttir af nefnd um samræmda kennslu

Nefndin hefur ekki fundað og engar ákvarðanir hafa verið teknar vegna skýrslunnar. Hins vegar hafa HVS og FVS ákveðið að skoða kennslutíma samræmt innan sviðanna, sem rekja má til tillagna úr skýrslunni.

Önnur mál

Jens sagði frá erindi FPR um að félögin standi fyrir sameiginlegu málþingi um húsnæðismál. Málið rætt og ákveðið var að Félag háskólakennara svari erindi FPR játandi.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl. 13:00.

Næsti fundur 4. janúar nk. kl. 11:45 í Bændahöllinni.